



Fréttabréf Brekkuskóla

2. maí 2014

9. tbl. skólaárið 2013- 2014

Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Vorið er komið og því viðbúið að við förum að njóta útiveru og náttúru í meira mæli en í vetur. Undirbúningur fyrir næsta skólaár er kominn vel af stað og munum við nýta dagana fram að skólaslitum til að kynna þær breytingar eftir því sem ákvarðanir verða teknar. Nemendur sem fá nýja kennara fá tækifæri til að hitta þá og nýir nemendur fá tækifæri til að skoða og kynna skólanum. Elstu nemendur leikskólanna koma til að mynda í heimsókn í nokkur skipti nú í maí. Þau fara í íþróttahús, fá tilboð um tveggja daga vorskóla og verður að lokum boðið að koma í vörgrillveisluna okkar í júní áður en við slítum skóla.

Yfirvofandi er vinnustöðvun kennara í þrjá daga nú í maí ef ekki næst að semja við þá um launakjör. Þetta eru dagarnir 15. maí, 21. maí og 27. maí. Óneitanlega mun það bitna á skólastarfinu. Við munum birta fréttir um gang mála á vefsíðu skólans www.brekkuskoli.is þegar að þessum dögum kemur og biðjum við foreldra að fylgjast vel með fréttum á vefsíðunni eða í fjölmiðlum.

Daglegt líf gefur okkur öllum þann kost að læra, hvort sem við erum nemendur, kennarar, annað starfsfólk skólans eða foreldrar. Hvað varðar þróun skólastarfs þá eru skólastjórnendur og kennarar þessa dagana að velta fyrir sér hugmyndum um skóla sem lærdómssamfélag. Þróun skólastarfs er ekki einhver bylting heldur umbótamiðaðar breytingar til að bæta nám nemenda á hverjum tíma. Hugmyndafræði lærdómssamfélags felur í sér starfsþróun í skólum, breyttar áherslur á vinnubrögðum, menningu, fókusi og tilgangi náms. Í lærdómssamfélagi deilir starfsfólk sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá, innleiða nýja og umfram allt að stuðla að betri árangri nemenda.

Skólaárið sem nú er senn að líða hefur verið viðburðaríkt og umfram allt lærdómsríkt. Við erum sífellt að takast á við ný verkefni sem eru af ólíkum toga enda er skólasamfélagið litríkt af fólki. Við leitumst við að styrkja okkur í því sem við teljum okkur þurfa að bæta og eflumst enn frekar með því að hlúa að því góða sem felst í okkur sjálfum og starfinu hér í skólanum. Hugmyndir og hæfileikar hafa sproutið upp víða og nú er verkefnið að hlúa að þeim og virkja til enn betra náms og enn betri árangurs.

Með ósk um bjarta og gleðiríka vordaga.

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

Útivist og klæðnaður



Á vorin eru oft miklar veðrabreytingar. Það er mikilvægt að foreldrar búi börnin sín vel í skólann með tilliti til þess að kennarar geta verið að fara með nemendur í vettvangsferðir á skólatíma.

Working together



Nú fer Comeniusarverkefni okkar Working together að ljúka. Lokaverkefnið eru í vinnslu þessa dagana og Helga Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarsdóttir kennarar farnar að undirbúa lokaferðalagið nú í maí.

Fylgist með á vefsíðunni: www.workingtogether



Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill – Maí/Júní 2014

				1. maí Verkalýðsdagurinn Friðagur	2. Starfsdagur Frístund lokað fyrir hádegi	3.
4.	5. Kjötbúðingur, kartöflur, grænmeti og ávextir Vorskóli 5 ára kl. 14-16	6. Silungur og ýsuréttur, kartöflur, salat og ávextir Vorskóli 5 ára kl. 14-16	7. Kjöt í karrý, hrísgrjón, kartöflur, salat og ávextir	8. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	9. Kraftsúpa, brauð, álegg, salat og ávextir	10.
11.	12. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	13. Kjöt, kjötsúpa og ávextir	14. Grænmetisbuff, pasta, salat og ávextir	15. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir Vinnstöðvun kennara?	16. Gúllas, kartöflur, grænmeti og ávextir	17.
18.	19. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	20. Lasagne, brauð, salat og ávextir Frjálsar íþróttir 4. b	21. Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Vinnstöðvun kennara? Frjálsar íþróttir 5. b	22. Grjónagrautur, slátur, salat og ávextir Frjálsar íþróttir 6. b	23. Skr, brauð, álegg, salat og ávextir Frjálsar íþróttir 7. b	24.
25.	26. Hakk, spaghetti, brauð, salat og ávextir	27. Fiskiklattar, kartöflur, sósa, salat og ávextir Vinnstöðvun kennara?	28. Lambasnitset, kartöflur, sósa, salat og ávextir	29. Uppstigningardagur Friðagur	30. Súpa, brauð, álegg, salat og ávextir	31.
1. júní	2. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir Skólaferðalag 10. b	3. Buff, kartöflur, grænmeti, salat og ávextir Skólaferðalag 10. b Leitin mikla í 8.- 9. bekk	4. Soðinn fiskur, kartöflur, heit sósa, salat og ávextir Gleðidagur :-) tilbreytingardagur Skólaferðalag 10. b	5. Vorgrill Grillaðar pylsur og safi Sérstakir gestir: Verðandi 1. bekkjar	6. Skólaslit Skv. auglýsingu	7.
8.	9. Annar í hvítasunnu	10. Starfsdagur	11. Starfsdagur	12. Starfsdagur		

7., 8. og 9. bekkur — valgreinar næsta skólaár

Nú er komið að því að nemendur í verðandi 8.—10. bekkjum velji sér námsgreinar fyrir næsta vetur. Nemendur hafa þegar fengið kynningarbækling og umsóknareyðublöð. Einnig má nálgast upplýsingar um valgreinarnar og eyðublöðin á vefsíðu skólans www.brekkuskoli.is

Skilafrestur er til og með 5. maí 2014

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Skapandi skóli



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Skólaslit 2014

Skólaslit Brekkuskóla verða
föstudaginn 6. júní sem hér segir:



- 1.– 2. bekkur kl. 13:00
- 3. – 4. bekkur kl. 12:00
- 5., 6. og 7. bekkur kl. 11:00
- 8. – 9. bekkur kl. 10:00

Nemendur mæta **á sal** en fara síðan í heimastofu til umsjónarkennara. Sama dag er útskriftarathöfn **10. bekkinga**. Athöfnin hefst á sal skólans **kl. 15:30** og eru foreldrar, forráðamenn og velunnarar hjartanlega velkomnir.

Hjólaleiktæki, öryggisbúnaður og umferðin.

Með hækandi sól eru hjólaleiktækin dregin fram úr geymslunum. Þá er rétt að huga vel að ástandi leiktækjanna og finna til viðeigandi öryggisbúnað. Það er aldrei of oft brýnt fyrir okkur sem eigum leið nálægt skólum að við þurfum að fara gætilega í umferðinni.



Þátttaka í umferðinni er órjúfanlegur hluti þess að vaxa og þroskast. Það er mikilvægt að rifja upp og tileinka sér umferðarreglur á hjólaleiktækjum og bendum við á gagnlegar upplýsingar hvað það varðar á vefsíðunni <http://us.is/node/338U> þar sem farið er yfir helstu reglur um skyldubúnað, öryggisbúnað og rafknúin hjól. Að ýmsu er að huga þegar skilgreina skal hvaða færni börn þurfa að búa yfir til að geta verið þátttakendur í umferð og fer það m.a. Eftir aldri, þroska og umferðarumhverfi sem þau búa við.

Í Brekkuskóla gilda þær reglur og nemendum er leyfilegt að koma á hjólaleiktækjum í skólann ef foreldrar meta það svo að þeirra barn sé tilbúið út í umferðina í kringum Brekkuskóla á slíku tæki. Í skólanum er ekki hægt að geyma hjólaleiktæki innanhúss, en hægt er að læsa hjólaleiktæki við hjólagrindur vestan, sunnan og norðan við skólann.

Fluttu frumsaminn texta um tölvufíkn

Sigurvegargar Brekkuvíslon á miðstigi sömdu texta og spiluðu lag. Það voru fjórir drengir í 7. bekk. Þeir fengu síðan tækifæri til að koma fram í upphafi fyrirlestrar á vegum foreldrafélagsins. Fyrirlesturinn fjallaði um byltingu í tölvunotkun barna og unglínga og mikilvægi þess að foreldrar séu vakandi yfir því hvað börn þeirra eru að gera á Netinu. Texti drengjanna er svona:

Tölvusjúklingurinn

Þegar kviknar á tölvunni og lífið er gott Spila ég í friði og ró.
Þangað til að mamma mín rekur mig út
Þá fer ég í Tölvutek.

Þegar kom ég að búðinni var allt lokað og læst.
Þá sný ég heim á ný
Þá vil ég sitja í tölvunni í friði og ró
og spila GTA.

Ég er tölvuleikjasjúkur.
Ég bara get ekki hætt.
Ég spila bara og spila
allan daginn út og inn
og þegar kvöldið er að koma
þá fer ég ekki að sofa.
Þá fer ég beint í tölvuna
og spila GTA

Jóhann Þór, Egill, Egill Bjarni og Hafsteinn
7. BG

